


Myndin sýnir rennslismælingar árána 2016 og 2017 og afköst núverandi hreinsivirkja.

Framtíðin


Stefna Fljótsdalshéraðs, samkvæmt gildandi aðalskipulagi, er að fráveitumál sveitarfélagsins byggja á umhverfisvænum lausnum sem skipi því í fremstu röð. Það er metnaður HEF að standa vel að fráveitumálum og hefur stjórn félagsins því samþykkt fjárfestingarstefnu til 10 ára þar sem unnið verði að því markmiði.

Stefnan felur í sér að hætt verði að nýta Eyvindará sem viðtaka fyrir skólþvatn en þess í stað verði öllu fráveituvatni frá þéttbýlinu safnað saman við Melshorn. Þar verði reist ein stór hreinsistöð, nægjanlega öflug til að anna því vatnsmagni sem kemur úr fráveitukerfinu í yfir 95% tilvika.



Grunnmynd af fyrirhuguðum skólþögnum í hreinsistöð við Melshorn.

Hreinsistöðin verði byggð upp með þrepasíum sem hreinsa allt rusl og agnir stærri en 2 mm og með beltasíum sem hreinsa burtu örplast, lífræn efni og svifagnir. Jafngildir framangreind hreinsun því sem í reglugerðum er kallað eins þreps hreinsun. Gera áætlanir félagsins ráð fyrir stækkun á hreinsistöðinni í síðari áfanga þannig að bætt sé við lífrænni hreinsun sem jafngildir tveggja þrepa hreinsun samkvæmt reglugerð. Útrás frá hreinsistöðinni verði lögð út í mitt Lagarfljót.



Myndin sýnir þrepaskiptingu hreinsunar í fyrirhugaðri hreinsistöð við Melshorn.

Samhliða framangreindri uppbyggingu verði áfram unnið að tvöföldun fráveitukerfisins sem er langtímaverkefni og unnið samhliða viðhaldi gatna næstu áratugina.

Það er mat stjórnenda HEF að framangreindar áætlanir séu skynsamlegar út frá umhverfis- og rekstrarsjónarmiðum. Með þessum hætti nást markmið félagsins um að losa Eyvindará sem viðtaka fyrir skólþ og fráveituvatni verði einungis veitt í Lagarfljót, sem er allt annar og öflugri viðtaki. Möguleikar varðandi uppbyggingu og stækkun hreinsistöðvarinnar í áföngum veitir svigrúm til að mæta fjölgun íbúa og mögulega ríkari kröfum til hreinsunar í framtíðinni. Þá eru áætlanir félagsins settar fram innan þess fjárhagsramma sem markaðir tekjustofnar félagsins setja. Það er því ekki gert ráð fyrir að sveitarfélagið þurfi að ráðstafa almennu skattfé sínu til fráveituppbýggingar.

Stjórnendur HEF ætla því að uppfylla lög og reglugerðir sem um þennan málaflökk gilda, bæði hvað varðar hreinsun og fjárhagsramma.

Stjórn og framkvæmdastjóri Hitaveitu Egilsstaða og Fella.




Einhleypingi 1 - 700 Egilsstaðir © 4 700 780 - www.hef.is



Til íbúa Fljótsdalshéraðs

Með bæklingi þessum vill stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella skýra að einhverju leyti fjárhagsstöðu félagsins, framkvæmdir undanfarinna ára ásamt því að greina frá framtíðaráformum í fráveitumálum, þegar að leigutíma á hreinsivirkjum félagsins lýkur á árunum 2023-2027.

Hitaveita Egilsstaða og Fella var stofnuð árið 1979 af Fella- og Egilsstaðahreppi sem sameignarfélag og hefur síðan rekið hitaveitu á Egilsstöðum og í Fellabæ. Félagið yfirtók rekstur vatnsveitu Fljótsdalshéraðs árið 2005 og fráveitu árið 2011. Í dag heyrir því allur veiturekstur sveitarfélagsins undir HEF.




Myndin sýnir þróun tekna á árunum frá 2007 til 2017, greint eftir veitum (í millj. kr.).

Fjárfestingar undanfarinna ára

Stærstu fjárfestingar félagsins á undanförunum árum hafa tengst hitaveitu- og vatnsveitustarfsemi félagsins.


Í hitaveitu voru boraðar tvær vinnsluholur UV-9 og UV-10. Árangur af borun UV-9 árið 2001 stóðst ekki væntingar en UV-10 sem boruð var árið 2005 er með öflugustu borholum á lágheitsvæði á Íslandi. Stofnlagnir hitaveitu frá Urriðavatni að dæluhúsi við Tjarnarbraut voru endurnýjaðar á árunum 2011-2016. Þá var hitaveita lögð í hluta dreifbýlisins á árunum 2010-2012, annars vegar Eyvindarárveita og hins vegar Vallaveita, sem tengd var sumarhúsabyggð á Einarstöðum og Úlfsstöðum.




Myndin sýnir fjárfestingar á árunum frá 2007 til 2017, greint eftir veitum (í millj. kr.).

Í vatnsveitu vega þyngst framkvæmdir við byggingu miðlunargeymis á Selöxl árið 2006 og leit að nýju kaldvatnsbólum á árunum 2006-2009. Þeirri leit lauk með borun og virkjun á köldu vatni frá Köldukvísl á Eyvindarárdal þar sem nýtt vatnsból var tekið í notkun í lok árs 2009. Stofnlögn kalda vatnsins frá Köldukvísl að miðlunargeymi á Selöxl er um 7,8 km að lengd. Árið 2015 var lögð ný kaldvatnsstofnlögn yfir Egilsstaðanes fyrir Fellabæ.

Þá hefur félagið frá árinu 2005 gert ráð fyrir möguleika á gagna-veitu í tengslum við framkvæmdir við veitukerfi. Í dag telur röra- og ljósleiðaranet félagsins um 112 km.



Myndin sýnir uppsafnaða fjárfestingu árunum frá 2007 til 2017 og fjármögnun með eigin fé (í millj. kr.).



Myndin sýnir hlutdeild lánsfjár og eiginfjár í heildarfjárfestingu árunum frá 2007 til 2017 (í millj. kr.).

Fráveitan

Fráveitukerfið á Egilsstöðum og í Fellabæ er alls um 73 km langt. Í nýjstu hverfum þéttbýlisins eru regn- og skólplagnir aðskildar (tvöfalt kerfi) þannig að affall hitaveitu, regnvatn og jarðvatn er ekki í skólplögnum. Í eldri hverfum er lagnakerfið hins vegar einfalt og þar er víða töluvert regnvatn og bakrásarvatn hitaveitu í skólplögnum.

HEF tók við leigusamningum, sem Fljótsdalshérað gerði við Bólholt ehf., um fjögur hreinsivirki (hreinsistöðvar) en Bólholt á og rekur hreinsivirkin. Þrjár þessara stöðva eru staðsettar á Egilsstöðum og ein í Fellabæ. Þau hreinsivirki sem staðsett eru á Egilsstöðum hafa útrás í Eyvindará en hreinsivirkið í Fellabæ hefur útrás í Lagarfjót.

Mikill munur er á Eyvindará og Lagarfjóti sem viðtökum fyrir fráveitu. Annars vegar er Eyvindará bergvatnsá með meðalrennsli um 11 m³/s og minnsta rennsli á veturna um 1-2 m³/s og hins vegar er Lagarfjót með sitt jökulvatn og meðaltalsrennsli um 280 m³/s og minnsta rennsli yfir 100 m³/s.

Alls eru útrásir í sveitarfélaginu átta talsins og eru rotþrær á þeim útrásum sem ekki eru tengdar við hreinsistöðvar. Til viðbótar eru nokkur neyðaryfirföll til staðar sem taka við frárennsli þegar mikið vatn er í kerfinu, t.d. vegna jarðvatns og hreinsistöðvar anna ekki álaginu. Við slíkar aðstæður fer óhreinsað skólpl beint í Eyvindará og Lagarfjót.

Síðustu ár hefur HEF unnið að því að minnka vatn í fráveitulögnum með því m.a. að tvöfalda lagnir og veita regnvatni í opna skurði eða beint út af plögnum. Það er hins vegar mjög kostnaðarsamt að ljúka tvöföldun alls fráveitukerfisins á stuttum tíma.